



Orkugerðin ehf
Heiðargerði 5
801 Selfoss

Reykjavík, 13.12.2023
UST202312-072/S.M.
08.10.02

Reglubundið eftirlit í Orkugerðina

Þann 11. október sl. fór fram reglubundið eftirlit í Orkugerðina í Flóahreppi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Rekstraraðili vinnur eftir samþykktri úrbótaáætlun frá 6. febrúar 2023 er varðar eftirfarandi frávík:

- Gr. 2.4 í starfsleyfi. Aðgangur að athafnasvæði skal vera takmarkaður og svæðið afgirt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna. Hlið skulu lokað og læst nema þegar starfsemi fer fram. Við eftirlit var ekkert hlið sem hægt er að loka og aðgangur greiður fyrir menn og skepnur inn á athafnasvæðið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila hefur verið ákveðið í samráði við landeiganda að óska eftir því við Flóahrepp að rimlahlið verði sett upp fyrir væntanlega afleggjara að stækkuðu iðnaðarsvæði og eru áætluð verklok í desember 2023. Áætluð verklok aðgangsstyringar að hliðinu, eftir samráð við nágretta, eru 1. júlí 2024.**

Eitt frávík kom fram í eftirliti nú er varðar:

1. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila, sbr. gr. 4.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Fullnægjandi skráningar bárust ekki vegna ársins 2022.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á frávíki er fram kom í eftirliti 11. október sl., í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 10. janúar 2024.

Virðingarfyllt

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur